

Mál nr. 210/2010

M

og

Vátryggingafélagið X v/málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar (A)

Ágreiningur um hvort um undanskilda áhættu sé að ræða.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 13.07. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.07. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Málið varðar ágreining um niðurfellingu á persónulegri ábyrgð M vegna “starfsmannaláns til hlutafélagakaupa” í banka sem stjórn bankans gaf eftir sbr. fyrirliggjandi gögn. Málskotinu fylgdi stefna bankans á hendum M þar sem málsatvik koma fram.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það vísar til ákvæðis skilmála um að vátryggingin bætir ekki málskostnað sem er í tenglum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Vátryggingin bætir ekki málskostnað sem er í tengslum við atvinnu vátryggðs. Fallist er á það sjónarmið vátryggingafélagsins að ekki hefði komið til árgreininga máls þessa nema vegna þess að M var í stjórnendastöðu hjá bankanum og fékk af því tilefni þá lánaþyrirgreiðslu sem um ræðir.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 17. ágúst 2010

Rúnar Guðmunsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.